

Nd.

216. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á l. nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við l. nr. 36/1909 um laun háskólakennara og um breyting á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi 1950.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skv. lögum nr. 24/1930 skulu dósentar við Háskóla Íslands, er þeir hafa starfað í embætti um 6 ár, verða prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Skv. lögum nr. 66/1944 voru stofnuð tvö dósentsembætti við heimspekideild háskólans, annað í bókmenntum, hitt í sögu. Í lögum var fram tekið, að ákvæði laga nr. 24/1930 skuli ekki taka til þessara tveggja dósentsembætta.

Haustið 1941 hafði verið ráðinn lektor í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu að heimspekideildinni. Árið 1946 var lektorsembættið frá 1941 lögfest sem dósentsembætti, en í þau lög var þó ekki sett sams konar ákvæði og í lögum frá 1944, þ. e., að þeir, sem embættinu gegndu, skyldu ekki verða prófessorar eftir sex ára starf. Sá maður, sem dósentsembættinu í málfræði hefur gegnt, var því skipaður prófessor 1948 eftir rúmlega sex ára kennslustarf.

Eðlilegt virðist, að sömu reglur gildi um öll áðurgreind embætti í málfræði, bókmenntum og sögu, sem stofnuð hafa verið á síðast liðnum áratug. Einungis um dósentsembættið í málfræði gildir nú hin almenna regla, að dósentar verði prófessorar eftir 6 ára starf. Með þessu frv. er lagt til, að sama regla verði látin gilda um bókmennta- og söguembættin, en þeir menn, sem þeim gegna, hafa nú kennt við háskólann í meira en 6 ár.

Prófessorar og dósentar inna af hendi hliðstæð kennslustörf, en munur á árs-launum þeirra er 2700 kr.